

Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um þjónustu dýralækna.

Frá Sigmundi Erni Rúnarssyni.

1. Að hve miklu leyti mun opinber þjónusta dýralækna úti á landi skerðast þegar störf héraðsdýralækna hjá Matvælastofnun verða lögð niður, sbr. boðaðar breytingar á ýmsum lögum vegna innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002?
2. Verða gerðar undanþágur á því að héraðsdýralæknir megi ekki sinna lækningum með fram opinberum eftirlitsstörfum?
3. Verða gerðar aðrar undanþágur vegna aðstæðna héraðsdýralækna á Íslandi?
4. Hvaða hlutverk munu landshlutasamtök hafa við greiningu og ráðgjöf á breyttri dýralæknaráðgjöf úti á landi?
5. Hvernig verður fámennum en víðfeðmum landsvæðum bætt upp skerðing á opinberri dýralæknaþjónustu eftir breytingarnar?